



Fundargerð

Þriðjudaginn 8. júní 2010 var fundur haldinn í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún, kl 15.00 á skrifstofu sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mættir: Björn Magnússon, Zophonías Ari Lárusson, Rafn Sigurbjörnsson, Magnús B. Jónsson og Auður H. Sigurðardóttir

Björn Magnússon formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2009.

Fyrir fundinum lá ársreikningur Félags- og skólaþjónustu A-Hún og Dvalarheimilisins Sæborgar fyrir árið 2009. Samkvæmt ársreikningnum voru tekjur samstæðunnar kr. 161.859 þús. og rekstrargjöld kr. 155.499 þús. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um kr. 6.360 þús. fjármagnsliðir voru neikvæðir um kr. 1.151 þús. og niðurstaða ársins því jákvæð um kr 5.209 þús. Farið var yfir ársreikninginn en hann var síðan samþykktur án athugasemda.

2. Húsnæðismál

Rætt var um húsnæðismál sem Félags- og skólaþjónustan hefur til umráða. Fram kom að málun og utanhússfrágangur á Hnitbjörgum er í vinnslu og stefnt að því að mála húsið að utan í sumar. Fram kom að enn eru ófrágengnar tröppur út af svölum neðri hæðar hússins en lausnir í þeim efnum hafa verið í vinnslu frá því á sl. ári.

Endurnýjun pípulagna í Sæborg er í vinnslu en er ekki komið lengra en að áætlun hefur verið unnin fyrir verkið og efnið keypt.

Rætt var um húsnæði fyrir skrifstofu Félags- og skólaþjónustu í eldri hluta HSB. Fram hefur komið að húsnæði sem tannlæknir hefur haft á leigu er í boði en nokkur kostnaður kann að vera af endurbótum til að húsnæðið nýtist. Kostnaðarmat vegna þeirra endurbóta er í vinnslu.

Stjórnin lýsti áhuga á að taka húsnæðið á leigu ef kostnaður vegna breytinga er innan hóflegra marka.

Rætt var um málun á íbúðum við Ægisgrund og samþykkt að láta mála húsið að utan. Magnúsi falið að annast framkvæmdina.

3. Önnur mál.

Þar sem um síðasta fund þessarar stjórnar var að ræða þökkuðu stjórnarmenn hverjir öðrum ánægjulegt samstarf.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16.10

Björn Magnússon

Zophonías Ari Lárusson

Rafn Sigurbjörnsson

Magnús B. Jónsson

Auður H. Sigurðardóttir
